

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995 kl. 12:30

## 47. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 11/1995

### Auglýsingar ferðaskrifstofa

#### 2. Heimsferðir

Þann 24. ágúst 1994 var Heimsferðum sent álit Samkeppnisstofnunar um svokallað forfallagjald og flugvallarskatt. Var álitnið sent vegna fyrirspurnar frá Heimsferðum og vegna erindis Neytendasamtakanna. En Heimsferðir hafa auglýst verð án flugvallarskatta og án "forfallagjalda". Í álitni stofnunarinnar kemur fram að ef "forfallagjald" á að vera hluti af verði ferðarinnar verður að gera þá kröfu að það sé innifalið í heildarverði ferðarinnar, sbr. 3.gr. laga um alferðir, 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Sömu sjónarmið eiga við um flugvallarskatt hann verður að vera innifalin í heildarverði. Var þeim tilmælum beint til ferðaskrifstofunnar að hafa verðupplýsingar í auglýsingum í samræmi við álit Samkeppnisstofnunar. Þessum tilmælum var ekki sinnt af hálfu fyrirtækisins og héldu auglýsingar áfram að birtast án flugvallarskatts og forfallagjalda, þau ýmist tilgreint í neðanmálsathugasemdum eða ekki.

Þann 18. janúar var fyrirtækinu sent bréf eins og öðrum ferðaskrifstofum þar sem kynntar voru nýjar reglur sem Samkeppnisráð hafði sett þann 13. janúar um verðupplýsingar í auglýsingum. Sérstök athygli var vakin á 1.gr. reglnanna en þar kemur fram að uppgæfið verð eigi að vera endanlegt verð til kaupanda.

Engar athugasemdir eða viðbrögð bárust við því bréfi og auglýsingar héldu áfram að birtast frá ferðaskrifstofunni án flugvallarskatts og gjalda.

Á fundi auglýsinganefndar þann 15. febrúar var eftirfarandi samþykkt:

*"Í auglýsingum Heimsferða þann 15., 22. og 29. janúar s.l. koma ekki fram upplýsingar um endanlegt verð. Verðið sem gefið er upp í auglýsingunum er án flugvallarskatts og forfallagjalds. Í neðanmálsathugasemdum í auglýsingunum frá 15. og 29. janúar kemur fram hve þessi gjöld eru há. Í auglýsingunni frá 22. janúar koma engar upplýsingar fram um þessi gjöld.*

*Verðupplýsingarnar eru ófullnægjandi og brjóta í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og reglur um verðupplýsingar í auglýsingum sem*

*Samkeppnisráð setti þann 13. janúar s.l. Ennfremur eru upplýsingarnar ófullnægjandi samkvæmt 3. gr. alferðalaga nr. 80/1994.*

*Auglýsinganefnd leggur til að Samkeppnisráð banni með heimild í 51. gr. samkeppnislaga auglýsingar frá Heimsferðum þegar tilgreint verð er ekki endanlegt, þ.e. innifelur ekki viðeigandi skatta og gjöld.*

*Auglýsinganefnd leggur til við Samkeppnisráð að beitt verði dagsektum kr. 50.000 á dag verði bannið brotið."*

#### **Ákvörðunarorð:**

**"Samkeppnisráð bannar með heimild í 51. gr. samkeppnislaga auglýsingar frá Heimsferðum þegar tilgreint verð er ekki endanlegt, þ.e. innifelur ekki viðeigandi skatta og gjöld.**

**Verði ekki farið að ákvörðun ráðsins mun Samkeppnisráð taka ákvörðun um dagsektir á næsta fundi sínum."**